

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2013

2013/EES/67/18

frá 14. júní 2013

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýs-
ingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/65/ESB frá 19. desember 2012 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Nýja-Sjálandi ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5eo (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/484/ESB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5ep. **32013 D 0065**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/65/ESB frá 19. desember 2012 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga á Nýja-Sjálandi (Stjtið. ESB L 28, 30.1.2013, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/65/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 28, 30.1.2013, bls. 12.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.